

Kynning á Hönnunarmars á Hönnunarverðlaunum Íslands 2014

Designs from Nowhere



Hönnunarsafn Íslands kynnrir í samstarfi við Hönnunarmiðstöð, Hönnunarverðlaun Íslands.

Verðlaununum er ætlað að vekja athygli á mikilvægi og gæðum íslenskrar hönnunar og arkitektúrs. Hönnunarverðlaunin eru mikilvægur liður í að beina sjónum að því besta sem gert er á sviði hönnunar og arkitektúrs á Íslandi um leið og einstaka hönnuðum eða hópum hönnuða er veitt viðurkenning sem nýst getur til frekara brautargengis á alþjóðlegum vettvangi.

Verkefnið sem bar sigur úr býtum í nóvember síðastliðnum var **Austurland: Designs from Nowhere** eftir Kórnu Sigurðardóttur og Pete Collard. Það er alþjóðlegt samstarfsverkefni sem fjölmargir innlendir og erlendir aðilar koma að með það að leiðarljósi að nýta hönnun og framleiðslu sem uppsprettu skapandi hugsunar til eflingar samfélags með



Hlutverk hönnuða samtímans felst í ríkum mæli í því að auka metnað til sköpunar og framleiðslu með óvæntum hætti en **Designs from Nowhere** þykir afbragðs dæmi um slíkt samstarf hönnuða af alþjóðlegum vettvangi og íslenskra fyrirtækja og handverksfólks. Í umsögn dómnefndar Hönnunarverðlauna Íslands sagði meðal annars „*Verkefnið sýnir að með samstilltri sýn og virðingu fyrir menningu á hverjum stað, þar sem handverk, þekking og staðbundinn efniviður er kannaður til hlítar, skapast tækifæri fyrir framleiðslu framúrskarandi verka og hlýtur að vera hvatning öllum til handa.*”

Austurland: Designs from Nowhere var fyrst kynnt í Spark Design Space á Hönnunarmars 2014, en hefur síðan þá verið sýnt á hönnunarhátíðum í London, Moskvu og í Stokkhólmi. Á næstu misserum stendur til að kynna verkefnið enn frekar í Malmö, Graz og á Eskifirði.

Í Hönnunarsafni Íslands verða sýnd verk eftir Þórunni Árnadóttur, Gero Grundmann og Max Lamb sem spruttu úr verkefninu.

Sýningarstjórn er í höndum Kórnu Sigurðardóttur og Arnaldar Mána Finnssonar.

Safnið er opið alla daga, nema mánudaga frá kl. 12-17.

Verslunin Kraum á jarðhæð býður fjölbreytt úrval íslenskrar hönnunar og bókaútgáfur Hönnunarsafnsins og tímarit um hönnun fást á góðu verði.

Verið velkomin!

**HÖNNUNARSAFN
ÍSLANDS**
MUSEUM OF DESIGN AND APPLIED ART

Garðatorg 1
210 Garðabær • Iceland
Tel. (354) 512 1525, 512 1526
honnunarsafn@honnunarsafn.is
www.honnunarsafn.is